



**Fundur í stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn í Kvennaskólanum
mánudaginn 27. febrúar 2017, kl. 13:00**

Dagskrá:

1. Starfsmannamál – ráðning á skrifstofu
2. Önnur mál
 - Listrænn stjórnandi
 - Sameiginlegur fundur með Textílsetri 6. mars

Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Valgarður Hilmarsson, Erla Ísafold Sigurðardóttir og Katharina Schneider.

Arnar setti fund og fór yfir ýmis mál sem framundan eru varðandi frekari uppbyggingu á Kvennaskólatorfunni.

1. Katharina fór yfir umsóknir sem bárust en þær voru sex. Einn umsækjandi hefur dregið umsókn sína til baka. Jóhanna kom inn á fundinn til að ræða þessi mál enda mun viðkomandi starfsmaður jafnframt starfa fyrir Textílsetur Íslands. Ákveðið var að ráða Lee Ann Maginnis tímabundið, frá 1. mars og út árið 2017.
2. Katharina ræddi um atriði sem snúa að Listamiðstöðinni og hugmyndir um að það vanti listrænan stjórnanda fyrir héraðið. Verið er að skoða möguleika á að sækja um styrki fyrir slíka stöðu.
Textílsetrið hefur boðað stjórn Þekkingarsetursins til sameiginlegs fundar mánudaginn 6. mars nk. til að fara yfir stefnumótun og fleira.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir